

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

14. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 7. febrúar 2017 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Sigurjón Andersen (KK), Þórarinn Sófussón (GSE), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Karl Georg Klein (SH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Þórunn Ansnes (Sörli), Anders Már Þráinsson (SÍH), Magnús Gunnarsson (Haukar) og Ólafur Ragnarsson (Fjörður). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH) og Viðar Halldórsson (FH).

Dagskrá:

1. Úthlutanir Afreksmannasjóðs ÍBH 2016

Lagt fram til kynningar. Úthlutað var ferðastyrkjum fyrir kr. 4.230.000. Afreksstyrkir unglingar og ungmenni kr. 780.000. Afreksstyrkir fullorðnir kr 3.750.000. Styrkir vegna Evrópukeppni félagsliða kr. 3.440.000. Styrkir úr Afreksmannasjóði ÍBH 2016 voru samtals kr. 12.200.000.

2. Tillögur að breytingum á reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH

Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH samþykkti á fundi 26. janúar sl. að hækka ferðastyrki frá 1. janúar 2017. Ferð einstaklinga með félagsliði hækkar úr kr. 20.000 í kr. 25.000. Ferð einstaklinga með landsliði hækkar úr kr. 25.000 í kr. 30.000. Fararstjórastyrkur hækkar úr kr. 70.000 í kr. 80.000. Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH beinir þeim tilmælum til ÍBH að hækka sitt framlag í sjóðinn úr kr. 850.000 á ári í a.m.k. kr. 1.000.000 á ári. Stjórn ÍBH staðfesti samþykkt stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH.

3. Ný drög að reglum um sérstakan sjóð sem á að styðja þátttöku barna með fatlanir í íþrótt- og tómskundastarf

Lögð fram til kynningar og umræðna.

4. Ráðstefnan Góðir stjórnunarhættir

Var haldin 2. febrúar sl. í Háskólanum í Reykjavík af Íþróttabandalaginu í Reykjavík og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands í tengslum við Reykjavíkurléikana (RIG). Þrír reyndir stjórnendur úr íþróttahreyfingunni fluttu erindi um sína stjórnunarhætti. Allir eiga þeir sameiginlegt að hafa gert miklar breytingar á skipulagi sinna íþróttasambanda og náð mjög góðum árangri í kjölfarið. Þeir voru Jane Allen framkvæmdastjóri breska fimleikasambandsins. Hún tók við sambandinu árið 2010 og í hennar stjórnartíð hefur sambandi vaxið úr 17 starfsmönnum uppí tæplega 150. Michael Petersen virtur danskur sérfræðingur í íþróttastjórnun sem hefur aðstoðað leiðtoga fjölda íþróttagreina um allan heim við að bæta skipulag, endurskapa ímynd og uppræta spillingu. Duffy Mahoney yfirmaður afrekssviðs bandaríska frjálsíþróttasambandsins. Ræddi hann hvernig sambandið hefur unnið að markaðsmálum og fengið inn sterka kostunaraðila. Ingvar Kristinsson formaður Fimleikafélagsins Björk / varaformaður ÍBH og Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH voru meðal þeirra sem sátu ráðstefnuna og ræddu helstu umræðuefni hennar við fundarmenn.

5. Nýr starfsmaður ÍSÍ

Magnús G. Þórarinnsson hefur verið ráðinn verkefnisstjóri á Almenningsíþróttasviði ÍSÍ frá og með 1. febrúar sl.

6. Ráðstefna um lyfjamál

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Íþróttabandalag Reykjavíkur stóðu fyrir ráðstefnunni 26. janúar sl. í samstarfi við Háskólann í Reykjavík í tengslum við

Reykjavíkurlaikana (RIG). Þrír erlendir fyrirlesarar fluttu erindi á ráðstefnunni. Dr Ron Maughan frá Skotlandi sérfræðingur í íþróttanæringarfræði og fæðubótarefnum. Michael Rasmussen heimsfrægur hjólreiðamaður frá Danmörku. Hajo Seppelt rannsóknarblaðamaður frá Þýskalandi. Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH sótti ráðstefnuna og fræddi fundarmenn um helstu umræðuefni hennar.

7. Skipting ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ 2017

32 sérsambönd um íþróttagreinar eru að fá samtals kr. 95.000.000. Hæðstu styrkirnir eru kr. 3.600.000 en lægstu kr. 1.700.000.

8. Hádegisfundur ÍSÍ. Að leysa úr samskiptavanda

Samtökin Erindi (<http://erindi.is>) kynntu starfsemi sína fyrir íþróttahreyfingunni. Lagt fram til kynningar.

9. Ólympískir viðburðir 2017-2020

Farið yfir næstu verkefni. Ólympíuleika ungmenna. Evrópuleika. Ólympíuleika. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Smáþjóðaleika.

10. Almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ – Lífshlaupið 2017

Vakin athygli á verkefninu sem fer fram árlega í febrúar.

11. Húsaleigustyrkir 2016

Lagt fram til kynningar. eru samtals kr. 396.485.188.

Gögn sem ÍBH hafa borist:

- a). Bréf frá Íþróttasambandi fatlaðra um Sambandsþing ÍF 25. mars nk. á Radisson Blu Hóтели Sögu.
- b). Bréf frá Kraftlyftingasambandi Íslands um sjöunda þing Kraftlyftingasambands Íslands 26. febrúar nk. í Íþróttamiðstöð ÍSÍ Reykjavík.
- c). Bréf frá Karatesambandi Íslands um karateþing 25. febrúar nk. í Íþróttamiðstöð ÍSÍ Reykjavík.
- d). Bréf frá Knattspyrnusambandi Íslands um 71. ársþing KSÍ 11. febrúar nk. í Vestmannaeyjum.
- e). Bréf frá Sundsambandi Íslands um málþing 24. febrúar nk. og ársþing 24. – 25. mars nk.

12. Önnur mál

a). HM Ánægja í íþróttum. Íþróttafélögum boðið að fá sér úrvinnslu fyrir sitt félag. Þau félög sem vilja nýta sér það eru beðin um að snúa sér til skrifstofu ÍBH sem hefur samband við Rannsóknir og greiningu.

b) RH kynnti drög að lagabreytingum ÍBH. Umræður um drögin.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.00 og lauk kl. 19.25.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.